

Reykjavík, 12. apríl 2021

Atvinnuveganefnd Alþingis
151. löggjafarþing 2020-2021
Þingskjal 1085 – 628. mál
Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 o.fl.

Efni: Umsögn Norðuráls vegna frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um stofnun Landsnets

Norðurál þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um drög að breytingum á raforkulögum og lögum um stofnun Landsnets. Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra setti af stað vinnu í lok síðasta árs með það að markmiði að greina þá niðurstöðu Fraunhoferskýrslunnar „að við þurfum mögulega að huga að flutningskostnaði“¹.

Hvað varðar samkeppnishæfni fyrirtækja á Íslandi er viðskiptavinum Landsnets ljóst að þau standa höllum fæti þegar kemur að flutningskostnaði raforku. Flutningskostnaður fyrir orkusækinn iðnað á Íslandi er um \$6/MWst, sem er meira en tvöfalt herra en iðnaðurinn greiðir í Noregi og Svíþjóð. Í kjölfar ummæla sem vísað er til hér að ofan var Deloitte fengið „til að vinna óháða greiningu og rýni á lagalegu umhverfi við setningu tekjumarka sérleyfisfyrirtækja“². Deloitte sinnti hlutverki sínu vel, sérstaklega þegar tekið er tillit til þröngs tímaramma, og veitti margar góðar ábendingar í skýrslu sinni sem flestar fundu sér farveg í umrætt frumvarp til laga um lagabreytingu. Auk þess hefur ráðherra lagt fram reglugerðarbreytingu er varðar veginn fjármagnskostnað Landsnets. Hins vegar er raunin sú að ef vilji og markmið eru fyrir hendi til að stuðla að marktækri lækkun flutningskostnaðar þá duga þessar breytingar skammt. Í nýútgefninu orkustefnu Íslands til ársins 2050 er skýrt tekið fram að orkuverð á Íslandi skuli vera samkeppnishæft³. Gera má ráð fyrir að þá sé vísað til bæði orkuverðs og verðs á flutningi, enda helst það í hendur.

Samkvæmt greinagerð með umræddu frumvarpi er markmið þessara breytinga sviði raforkumála að þær auki „skilvirkni, einföldun og hagkvæmni sem skilar sér almennt í lægri gjaldskrá til notenda“⁴. Þetta markmið mætti vera mun skýrara með því að gefa til kynna hversu mikla lækkun þyrfti eða hver samanburðurinn er. Einnig mætti taka fram að þessi lækkun er nauðsynleg, og þarf að vera marktæk, til að Ísland geti boðið samkeppnishæft flutningsverð. Norðurál gerir athugasemd við að mat á hagræði breytinga liggja ekki fyrir til umsagnar sem hluti af frumvarpinu þó svo að greining á okkar vegum sýni að áhrif á flutningsgjöld til lækkunar séu smávægileg. Ekki getur talist að breytingarnar uppfylli þar

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/11/13/Uttekt-a-samkeppnishaefti-storidju-a-Islandi-med-tilliti-til-raforkukostnadar/>

² <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/11/13/Greining-a-regluverki-og-fyrirkomulagi-er-vardar-flutning-og-dreifingu-raforku/>

³ <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt--myndir-og-skrar/ANR/Orkustefna/200327%20Atvinnuvegaraduneytid%20Orkustefna%20A4%20V5.pdf>

⁴ Greinagerð með frumvarpi <https://www.althingi.is/altext/151/s/1085.html>

með eitt af markmiðum sínum né að skilaboð til Landsnets og Orkustofnunar séu skýr um að kapp skuli lagt á að bæta samkeppnishæfni orkusækings iðnaðar m.t.t. til flutnings. Ef það gerist ekki er hætt við því að sagan af gæsinni og gullnu eggjunum raungerist, þ.e. stórnotendum fækki og kostnaðurinn aukist hjá þeim sem eftir eru.

Á Íslandi eru kjöraðstæður fyrir grænan orkusækinn iðnað til að vaxa og dafna. Þess í stað hefur iðnaðurinn staðnað að miklu leyti til og raforkunotkun í raun minnkað.

Þrátt fyrir ábendingar Fraunhofer, Deloitte, orkunotenda, -framleiðenda, og -seljenda um að hér stefni í óefni er niðurstaðan sú að lítið sem ekkert verði að gert. Vissulega eru einnig lagðar til reglugerðarbreytingar en þær duga einnig skammt. Tónninn verður að vera settur í lögum þar sem markmið um samkeppnishæfan flutningskostnað á raforku er skýrt.

Eftirfarandi eru athugasemdir varðandi ákveðnar breytingar.

1. Skilgreining á markmiði varðandi hagkvæmni vantar

Markmið raforkulaga eru nokkur og þar með talin hagkvæmni í flutningi⁵ og nú, ef breytingar ganga í gegn, fullnægjandi raforkuöryggi. Þar sem slíkt þarf að skilgreina frekar er boðað að reglugerð verði samin sem skilgreini hvað teljist fullnægjandi raforkuöryggi. Eins þyrfti að skilgreina hvað telst vera hagkvæmni, hvert markmiðið og viðmiðið sé til að tryggja fjárhagslega hagsmuni neytenda. Án þess að tryggt sé að Ísland sé samkeppnishæft með mælanlegum markmiðum og skýrum skilaboðum er hættan sú að hægt og rólega munum við enda með öruggasta en minnst nýttu flutningskerfið.

2. Heimild Orkustofnunar til að setja hagræðingarkröfu

Breytingin er góð og nauðsynleg. Hins vegar væri betra ef Orkustofnun væri gert skylt að setja hagræðingarkröfu í ákveðnum fyrirfram skilgreindum tilfellum í stað þess að einungis væri gefin almenn heimild til þess.

3. Eftirlit með fjárfestingaráætlunum

Það þarf ekki einungis að hafa eftirlit með að fjárfestingarkostnaður sé í samræmi við fjárfestingaráætlanir heldur þarf einnig að hafa gagnrýnt og skilvirkt eftirlit með fjárfestingaráætlunum sjálfum til að forðast að „gull-húða“ flutningskerfið með því að velja fjárfestingar sem eru dýrari en nauðsynlegt er.

4. Raforkuöryggi, gæði raforku og afhendingaröryggi

Gæta þarf að „oftryggja“ gera ekki flutningskerfið í heild sinni því það er kostnaðarsamt og núverandi notendur hafa ekki burði til þess að halda uppi flutningskerfi sem býður upp á þjónustu sem er langt umfram eðlileg viðmið. Væri þá hægt að líta til Noregs sem fordæmi um hvernig á að tryggja nægilegt orkuöryggi í strjálbýlu landi. Sé pólitískur vilji til þess að tryggja umframorkuöryggi um land allt þá er sanngjarn að ríkissjóður greiði fyrir þær fjárfestingar. Í raun ætti að skipta eignastofninum í fernt í stað þrennt (hlut stórnotenda, hlut dreifiveitna og sameiginlegan hluta). Þar ætti að bætast við flokkur sem heldur utan um fjárfestingar sem ákveðið er að fara í umfram viðmið um raforkuöryggi, gæði raforku og afhendingaröryggi vegna pólitísku vilja og myndi ríkissjóður greiða fyrir þær fjárfestingar.

Það er mikilvægt, eins og lagt er til, að tekjumörk lækki ef lágmarksviðmiðum um gæði og afhendingaröryggi er ekki náð (að því gefnu að þau séu skynsamleg og leiði ekki af sér offjárfestingu).

⁵ Raforkulög <https://www.althingi.is/lagas/151a/2003065.html>

Hins vegar er afar mikilvægt að tekjumörk séu ekki hækkuð til að verðlauna það að farið sé umfram viðmið. Það leiðir beint til offjárfestingar og hækkunar á flutningsverði að óþörfu.

Verð á flutningi á raforku er stórt hagsmunamál fyrir Norðurál, allan iðnað, orkuframleiðendur sem og smærri fyrirtæki og heimili á Íslandi. Norðurál er boðið og búið til að koma á fund atvinnuveganefndar og fara yfir samkeppnishæfni í raforkumálum og áhrif flutningskostnaðar á hana.

Virðingarfyllst,
Guðrún Halla Finnsdóttir
Verkefnastjóri viðskiptaþróunar
gudrunhalla@nordural.is
f.h. Norðuráls